

## REGLUR

um útdrátt vinninga í happdrættislánum ríkissjóðs, útgefnum árið 1972 og síðar vegna fjáröflunar til vegagerðar.

### 1. gr.

Útdráttur fer fram í Reiknistofnun Háskólans að viðstöddum fulltrúa stofnunarinnar og eftirlitsnefnd með eftirtöldum fulltrúum:

- a. Notarius publicus,
- b. fulltrúa fjármálaráðuneytisins og
- c. fulltrúa Seðlabanka Íslands.

### 2. gr.

Við útdrátt vinninga skal nota eftirfarandi gögn og tæki:

- a) Tölvu Reiknistofnunar Háskólans. Heimilt er þó með samþykki eftirlitsnefndarinnar (sbr. 1. gr.) að nota aðra tölvu, ef nauðsyn krefur.
- b) Dráttarforrit og annar hugbúnað, sem stýrir tölvunni við útdráttinn. Þessi hugbúnaður skal varðveittur á sérstökum seguldiski, segulbandi eða gataspjaldastokki.
- c) Stokk til útdráttar á lykiltölu fyrir dráttarforritið. Stokkurinn skal vera með 8 hölfum og í hverju hólfi skal vera reglulegur tvítugflötungur, en á hvern flöt hans skal skráð ein talnanna frá 0 til 9, þannig að sérhver tala er á tveimur flötum.
- d) Nauðsynlegan tölvupappír, segulbönd og gataspjöld í samræmi við þarfir dráttarforritsins.

### 3. gr.

Dráttarforrit skal gert samkvæmt viðurkenndum aðferðum. Dráttarforrit skal þannig gert, að fyrst er dregin út hæsti (hæstu) vinningur, síðan næsthæsti (næsthæstu) o. s. frv. Eftirlitsnefndin fær tvo sérfróða menn til að yfirfara dráttarforritið í upphafi, svo og í hvert sinn, sem breytingar eru gerðar á því.

Dráttarforritið og annar hugbúnaður skal varðveittur milli drátta með öruggum hætti og undir innsigli notarius publicus.

### 4. gr.

Útdráttur vinninga fer fram með eftirfarandi hætti:

- a) Valin er 48 stafa lykiltala. Fer valið fram með þeim hætti, að stokknum er snúið, en að því búnu er skráð sú 8 stafa tala, sem fram kemur. Er þetta síðan endurtekið, þar til fyrir liggur 48 stafa tala.
- b) Tölvan er hreinsuð og færð í upphafsstöðu.
- c) Dráttarforritið og annar hugbúnaður er tekin undan innsigli og búnaðurinn settur í tölvuna.
- d) Lykiltalan og upplýsingar varðandi útdráttinn, svo sem fjöldi númera og vinninga og vinningsupphæðir, eru færðar á gataspjöld, sem sett eru í tölvuna.
- e) Tölvan dregur og prentar út vinningaskrá, sem eftirlitsnefndin staðfestir með undirskrift sinni.
- f) Sé óskað eftir afriti vinningaskrár á segulbandi eða gataspjöldum er það nú gert.

### 5. gr.

Bili tölvan eða útdráttur stöðvast af öðrum óviðráðanlegum ástæðum, tekur notarius publicus öll gögn vegna útdráttarins til varðveislu. Þessi sömu gögn, þ. á m. lykiltalan, skulu notuð við endurtekningu útdráttarins.

## 6. gr.

Reglur þessar, sem settar eru skv. heimild í l. nr. 99/1971 sbr. l. nr. 8/1973, l. nr. 7/1974, l. nr. 48/1974 sbr. l. nr. 86/1974 og l. nr. 36/1975 og reglugerðum settum skv. þeim lögum öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi reglur nr. 123/1972, reglur nr. 164/1973, auglýsing nr. 421/1975 og auglýsing nr. 426/1975.

*Fjármálaráðuneytið, 14. janúar 1977.*

**Jón Sigurðsson.**

F. h. r.

Árni Kolbeinsson.